

Stjórn FNS sendi eftirfarandi fyrirspurn á alla stjórn málaflokka þann 19. Okt. 2017.

Hvað vill þinn flokkur gera til að uppfylla lagaskyldur við einstaklinga um rétt þeirra til náms- og starfsráðgjafar?

Hvernig hefur þinn flokkur hugsað sér að að fylgja eftir stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf?

Eftirfarandi svör hafa borist:

Björt framtíð:

Hvað vill þinn flokkur gera til að uppfylla lagaskyldur við einstaklinga um rétt þeirra til náms- og starfsráðgjafar?

Það leikur enginn vafi á því að þörf er á að fjölga náms- og starfsráðgjöfum og efla starf þeirra í grunn- og framhaldsskólum. Hlutverk þeirra er að aðstoða nemendur við ólíka þætti, s.s. að greina áhugasvið sitt, styðja við framgang þeirra í námi, bregðast við vandkvæðum sem á námsleiðinni liggja og leita aðstoðar sérfræðiaðila þegar þess þarf. Björt framtíð vill að áfram sé unnið að stefnumótun náms- og starfsráðgjafa í skólum og það verkefni sé klárað með samtali við náms- og starfsráðgjafa. Þá þarf slíkri stefnumótun að fylgja fjármagn.

Auka þarf vægi náms- og starfsráðgjafa til muna í grunnskólum og styðja betur við stöðu þeirra í framhaldsskólum. Styðja þarf náms- og starfsráðgjafa í skólum til verka með því að opna þverfaglegar leiðir, auka samstarf við heilsugæslu og aðra aðila sem koma að málefnum nemenda.

Eitt mikilvægasta starf náms – og starfsráðgjafa er að styðja námsmenn til að ljúka námi. Brottfall nemenda er allt of hátt og lykilstöðu náms- og starfsráðgjafa sem trúnaðarmanna nemenda má nýta í því samhengi. Greina þarf ástæður borttfalls og í kjölfarið setja fram markmiðssetta áætlun um úrbætur. Brottfall úr íslenskum skólum er skýrt dæmi um sóun á mannauði og Björt framtíð telur mikilvægt að minnka sóun í íslensku samfélagi, hver sem birtingarmynd hennar er.

Hvernig hefur þinn flokkur hugsað sér að fylgja eftir stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf?

Björt framtíð vill efla til þverfaglegs samráðs milli ríkis, sveitarfélaga, háskólanna, stéttarfélaganna og lykilstarfsmanna skólanna. Þessir aðilar myndi stefnumótunar- og viðbragðsteymi sem mótar heildarstefnu fyrir menntakerfið í heild sinni til þess að tryggja að til framtíðar verði örugglega boðið upp á nám, vinnuaðstöðu og umgjörð utan um skólastarf sem stenst ekki aðeins lög heldur líka kröfur nútímans um góðan grunn fyrir frekar nám og lífið.

Framtíðarsýnin sem mörkuð er í skýrslu starfshóps um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf lýsir eftirsóknarverðu samfélagi, eftirfylgd í gegnum lífshlaupið, rannsóknunum og

þekkingaruppbyggingu og aðgengi að upplýsingum og stuðningi við nám og störf. Fyrsta skrefið til að fylgja eftir þessari stefnumótun er að taka afstöðu til hennar, flétta hana saman við heildarstefnumótun menntakerfisins og í framhaldi að stilla upp aðgerðaráætlun til næstu ára til að fylgja henni eftir.

Miðflokkurinn

Miðflokkurinn var fyrst stofnaður formlega sunnudag 8 október síðastliðinn.

Við höfum ekki mótað stefnu um öll mál en mun það vera gert á næstu misserum. En í stórum dráttum er stefna Miðflokksins á heimsíðu Miðflokksins sjá: <https://midflokkurinn.is/kosningastefna/>

Við erum svo sannarlega tilbúin að funda með ykkur þegar sú vinna fer fram.

Framsóknarflokkur:

Hvað vill þinn flokkur gera til að uppfylla lagaskyldur við einstaklinga um rétt þeirra til náms- og starfsráðgjafar?

Framsóknarflokkurinn hefur á liðnum árum lagt mikla áherslu á menntun – m.a. jafnrétti til náms, aukna stoðþjónustu og mikilvægi þess að hér sé menntakerfi sem þjóni ólíkum þörfum nemenda í síbreytilegu samfélagi. Sérstaklega hefur Lilja Dögg Alfreðsdóttir þingmaður og varaformaður Framsóknarflokksins látið sig málið varða og tekið þátt í umræðunni um gildi menntunar og þær breytingar sem við verðum að gera á okkar menntakerfi. Ein leið að því marki er öflug náms- og starfsráðgjöf sem öllum frá grunnskóla og út starfsævina þarf að standa til boða. Þó svo að í lögum standi að nemendum bjóðist náms- og starfsráðgjöf er það alls ekki nægilegt. Það þarf t.d. að kveða á um hve margir nemendur standa að baki einu stöðugildi náms- og starfsráðgjafa en þar þarf að horfa til aldurs og aðstæðna nemenda. Náms- og starfsráðgjöf þarf að vera vel kynnt innan skóla, vel aðgengileg og regluleg – ekki tilfallandi. Hér þarf t.d. að horfa til fámennra skóla út land og tryggja þeim nemendum þessa nauðsynlegu og lögboðnu þjónustu. Hér þarf að vinna vel á stigi sveitastjórna og þeir sem þar ráða för verða að vera sér meðvitaðir um gildi náms- og starfsráðgjafar og ráðstafa nauðsynlegu fjármagni. Síðan þarf fullorðnu fólki að standa til boða aðgengileg náms- og starfsráðgjöf því fólk er að breyta um starfsvettvang út ævina. Góð og öflug náms- og starfsráðgjöf kemur ekki hvað síst í veg fyrir brotthvarf ungs fólks úr námi og í skóla margbreytileikans gegnir ráðgjöf veigamiklu hlutverki. Nú þegar við erum að horfa fram á verulegar breytingar á starfsumhverfi okkar verður vinnandi fólk að fá aðgengilegar upplýsingar og leiðsögn fagfólks eins og náms- og starfsráðgjafa.

Hvernig hefur þinn flokkur hugsað sér að fylgja eftir stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf?

Framsóknarflokkurinn vill hafa áhrif á menntakerfið og þar með náms- og starfsráðgjöf. Til að vel takist til í skólaþróun og við aðlögun að breyttum veruleika verður aðkoma náms- og starfsráðgjafa að vera öflug, sýnileg og aðgengileg öllum. Ef Framsóknarflokkurinn fær styrk og tækifæri til að leiða menntamálin í landinu er víst að unnið verði markvisst að málefnum náms- og starfsráðgjafar.

Samfylkingin

Hvað vill þinn flokkur gera til að uppfylla lagaskyldur við einstaklinga um rétt þeirra til náms- og starfsráðgjafar?

Samfylkingin telur að grunnstoðir samfélagsgerðarinnar felist í menntun, atvinnulífi og velferð. Við höfum fyrir þessar kosningar lagt mikla áherslu á umbætur í menntamálum – af því að menntakerfið gegnir mikilvægu hlutverki við að auka jöfnuð í samfélaginu, getur mætt öllum börnum og ungmönnum þar sem þau eru og gefið fólki tækifæri til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði – og ekki síður vegna þess að samfélag okkar stendur frammi fyrir tæknibyltingu þar sem möguleikar einstaklinganna og samkeppnisstaða Íslands ráðast af tækifærum í menntum.

Hvernig hefur þinn flokkur hugsað sér að fylgja eftir stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf?

Náms- og starfsráðgjöf myndar mikilvægt stoðkerfi í sífelld flóknara samfélagi og margbreytilegra menntakerfi. Við tökum undir niðurstöður skýrslunnar frá 2015, og teljum að hana eigi að nota til stefnumótunar fyrir næstu ár. Fyrsta skrefið er að ydda aðgerðir/leiðir sem þar eru lagðar til og setja á þær verðmiða. Að því loknu þarf í ríkisstjórn og á alþingi að samþykka tíma- og kostnaðarsetta áætlun til nokkurra (fimm til tíu?) ára. Skynsamlegt er að atvinnumálaráðuneytið (eða -neytin) komi að því verki með menntamálaráðuneytinu og fræðasamfélaginu. Fagmenn og áhugafólk um þessi ef geta treyst á liðveislu Samfylkingarinnar.

Viðreisn

Hvað vill þinn flokkur gera til að uppfylla lagaskyldur við einstaklinga um rétt þeirra til náms- og starfsráðgjafar?

Náms- og starfsráðgjöf er gríðarlega mikilvægur þáttur í stuðningi við velferð barna og ungmenna. Viðreisn vill efla náms- og starfsráðgjöf á öllum skólastigum til sæmræmis við eftirfarandi lagaskyldur.

- Í 13gr. í lögum um grunnskóla 91/2008 kemur fram að nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.
- Í 37gr. í lögum um framhaldsskóla 92/2008 kemur fram að nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.
- Í lögum um framhaldsfræðslu 27/2010 stendur einstaklingum til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf. En Fræðslusjóður veitir styrk til fræðsluaðila til að sinna náms- og starfsráðgjöf.

Í fyrsta lagi þarf að tryggja að náms- og starfsráðgjaf stafi í öllum grunn- og framhaldsskólum. Staðan er þannig í dag að enn finnast skólar þar sem ekki starfar náms- og starfsráðgjafi og því þarf að breyta. Takmarkað fjármagn hefur því miður gert að verkum að þessi þáttur þjónustunnar mætir afgangi enda þótt hann gegni mikilvægu hlutverki í því að bæta starfsumhverfi kennarans. Náms- og starfsráðgjafi er lögverndað starfsheiti og því ekki boðlegt að aðilar með aðra menntun séu ráðnir í störf náms- og starfsráðgjafa.

Í öðru lagi þarf að skoða viðmið um nemendafjölda á hvern náms- og starfsráðgjafa. Í dag er þessi tala á reiki og misjafnt eftir skólum hversu margir nemendur eru á hvern ráðgjafa. Ljóst má vera að á Íslandi eru fjöldi nemenda á hvern náms- og starfsráðgjafa verulega yfir eðlilegum viðmiðunarmörkum. Því vill Viðreisn breyta. Rétt er að koma á samtal við starfandi náms- og starfsráðgjafa til þess móta stefnu um þau hlutföll sem henta íslensku skólakerfi.

Viðreisn leggur ríka áherslu á að efla enn frekar náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskóla. Í grunnskóla er náms- og starfsráðgjöf lögbundinn hluti af sérfræðipjónustu skóla. Rétt er að skerpa á skilgeiningu hlutverks og starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa í aðalnámskrá grunnskóla. Áhersla Viðreisnar er að náms- og starfsráðgjafi verði hluti af starfsemi skóla allt frá 1. bekk grunnskóla til lok háskóla. Mikilvægt er að sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um náms- og starfsval sé fyrir hendi strax í upphafi skólagöngu, sé hluti af námi barnanna og aðgengilegar öllum börnum meðan á skólagöngu stendur. Náms- og starfsráðgjafar og kennararar þurfa að kynna fyrir nemendum störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi. Með því að tengja skólann við atvinnulífið með t.d. fyrirtækjaheimsóknum, kynningu á störfum o.fl. er komið til móts við ólíkar þarfir nemenda. Efla þarf enn frekar hópráðgjöf og námstækni í grunn- og framhaldsskólum. Viðreisn vill beita sér fyrir bættri líðan barna og ungmenna í skólakerfinu. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi náms- og starfsráðgjafa þegar kemur að brotthvarfi nemenda. Því er mikilvægt að veita auknu fjármagni til skólanna sérmerktu náms- og starfsráðgjöf.

Hvernig hefur þinn flokkur hugsað sér að fylgja eftir stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf?

Við í Viðreisn erum meðvituð um að nú þegar hefur farið fram stefnumótunarvinna í Menntamálaráðuneytinu og þarf að fylgja niðurstöðum þeirrar vinnu eftir. Mikilvægt er að fylgja eftir skýrslu sem starfshópur um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf skilað í maí 2015. Náms- og starfsráðgjafar gegna lykilhlutverki þegar nemandi stendur frammi fyrir

ákvörðunum um frekara nám- og störf framtíðarinnar. Miklar breytingar eiga eftir að eiga sér stað á vinnumarkaði og náms- og starfsval verður mun flóknara en ella.

Við þurfum að horfa á náms- og starfsráðgjöf sem ævilangt verkefni. Á síbreytilegum vinnumarkaði er þörfin fyrir náms- og starfsráðgjöf bæði í skólakerfinu og atvinnulífinu gríðarlega mikilvæg. Náms- og starfsráðgjöf ætti að vera fléttuð inn í kennslu allt frá grunnskóla og upp í framhaldsskóla. Einnig skiptir máli að einstaklingar hafi aðgang að náms- og starfsráðgjöf á vettvangi framhaldsfræðslunnar, í háskólanámi. Stuðningur og ráðgjöf við atvinnuleitendur er líka mikilvæg.

Það þarf að huga að aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, þjónstan þarf að vera aðgengileg öllum og þarf að skoða möguleikan á upplýsingaveitu á netinu ásamt rafrænni ráðgjöf. Í gegnum samtál við þá sem nota þjónustuna og þá sem veita hana er náms- og starfsráðgjöf í stöðugri þróun. Öflug og markviss samvinna ætti að vera á milli stjórnvísu og fagstéttarinnar.

Vinstri græn

Hvað vill þinn flokkur gera til að uppfylla lagaskyldur við einstaklinga um rétt þeirra til náms- og starfsráðgjafar?

Tryggja verður að farið sé að lögum um náms- og starfsráðgjöf á öllum skólastigum. Um leið þarf að tryggja sálfræðiþjónustu í grunn- og framhaldsskólum. Samfélagið þarf að veita nemendum stuðning á ólíkum sviðum. Með því má bæta námsárangur nemenda og minnka brottfall úr skólum, auk þess sem börnum, ungmennum og ungu fólki er þannig gert auðveldara að blómstra og þroskast á eigin forsendum.

Bæta þarf tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga til að hægt sé að efla starf í grunnskólum og tryggja að nemendur fái náms- og starfsráðgjöf til að tryggja vellíðan og markvissa námsframvindu. Einnig þarf að tryggja fjármagn til framhalds- og háskóla til að þeir geti sinnt verkefnum sínum.

Mikilvægt er að standa vörð um fagmenntun náms- og starfsráðgjafa og gera þeim kleift að nýta tækni og tækifæri til að mæta breyttum áherslum í bæði skólakerfinu og atvinnulífinu.

Menntun á að efla gagnrýna hugsun og leiða að því grundvallarmarkmiði að stuðla að þroska hvers og eins. Það á að vera skylda samfélagsins að sem flestir njóti góðrar menntunar enda ávinningur samfélagsins mikill. Með eflingu náms- og starfsráðgjafar stuðlum við að því að fleiri nemendur ljúki því námi sem hugur þeirra stendur til.

Hvernig hefur þinn flokkur hugsað sér að að fylgja eftir stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf?

Náms- og starfsráðgjöf gegnir mikilvægu hlutverki alla ævi, í gegnum skólagöngu og starfsþróun. Atvinnuhættir breytast ört og því brýnt að tryggja gott aðgengi að náms- og

starfsráðgjöf til að spyrna við brottfalli úr skóla og tryggja markvissa atvinnuþátttöku. Vinstri græn vilja tryggja náms- og starfsráðgjöf óháð búsetu og efla m.a. rafræna- og fjarráðgjöf.

Vinstri græn eru þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að tryggja fjölbreytt framboð á starfstengdu námi á vinnustöðum sem og endur- og símenntun. Svo að vel takist til er nauðsynlegt að atvinnurekendur og starfsmenn vinni saman að því að meta þarfir starfsmanna fyrir menntun. Halda þarf áfram að þróa mat á óformlegu námi með raunfærnimati.

Styrkja þarf stöðir símenntunarmiðstöðva um land allt þannig að nám í heimabyggð fyrir fullorðna sé raunverulegur og aðgengilegur kostur. Einnig þarf að tryggja framboð á náms- og starfsráðgjöf hjá sömu aðilum. Efla þarf samstarf framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva.

En til þess að markmiðin sem stefnumótunin byggir á nái fram að ganga þarf hið opinbera, atvinnulífið og aðrir þeir sem koma að náms- og starfsráðgjöf að vinna saman. Vænlegt væri að hafa starfshóp sem fylgdi eftir tillögunum þannig að samfella sé í vinnunni.

Sjálfstæðisflokkur

Hvað vill þinn flokkur gera til að uppfylla lagaskyldur við einstaklinga um rétt þeirra til náms- og starfsráðgjafar?

Í nóvember 2014 var gerð könnun á stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum. Sendur var spurningalisti, rafrænt, til allra skólastjóra á landinu. Skólarnir eru 176. Svör bárust frá 115 skólum, eða 65%, sem er nægileg svörun til þess að draga af marktækar ályktanir.

Kannað var hvort náms- og starfsráðgjafar starfa í skólunum, hvort þeir hafa tilskylda menntun og ef ekki, hvaða aðra menntun fólk sem sinnir starfinu hefur. Niðurstöður könnunarinnar bentu til að ekki séu starfandi náms- og starfsráðgjafar í u.þ.b. þriðjungu grunnskóla á landinu. Þetta er mjög bagalegt, sérstaklega ef haft er í huga hversu málið er mikilvægt með tilliti til mikils brottfalls úr framhalds og háskólum og þörfin fyrir að nemendur séu vel upplýstir um þá möguleika sem skólakerfið svo sannarlega býður uppá.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að horfa til framtíðar þegar kemur að menntamálum. Við tölum fyrir frelsi í skólarekstri og fjölbreytni skóla á öllum skólastigum og Sjálfstæðisflokkurinn vill gjarnan sjá sveigjanlegra skólastarf þar sem nemendur geta færst á milli skóla og skólastiga án vandkvæða. Að nemendur finni fljótt nám og áskoranir við hæfi. Þetta kallar á fleiri valkosti í menntakerfinu. Svo þetta geti gengið þurfum við öfluga náms- og starfsráðgjöf, sérstaklega á grunn- og framhaldsskólastigi. Þá þarf að tryggja það að náms- og starfsráðgjöf sé skylda en ekki eingöngu valkvætt verkefni í skólum á grunn- og framhaldsskólastigi. Framhaldsskólarnir þurfa að þrýsta á að þessu sé sinnt í grunnskólum og

atvinnulífið og háskólarnir þurfa að þrýsta á að þessu sé sinnt í tímanlega í framhaldsskólum landsins.

Hvernig hefur þinn flokkur hugsað sér að að fylgja eftir stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf?

Hvítbók um umbætur í menntun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014) fjallar um núverandi stöðu menntakerfisins á Íslandi ásamt því að í henni eru lögð fram drög að áherslum og aðgerðum. Þar kemur fram að Ísland sker sig úr miðað við samanburðarlöndin, að því leyti að fáir ljúka framhaldsskólanámi á tilskildum tíma. Náms- og starfsráðgjöf auk meiri hvatningar í námi ætti að geta dregið úr brottfalli. Í niðurstöðu lokaverkefnis Önnur Birnu Rögnvaldsdóttur til MA gráðu í náms- og starfsráðgjöf í október 2016 kom fram að munurinn milli okkar og norðurlanda liggur aðallega í því að í Noregi er náms- og starfsfræðslan skyldunámsgrein á unglingastigi og í Danmörku er hún þema sem er samþætt kennslu á öllum stigum grunnskólans. Á Íslandi vinna náms- og starfsráðgjafar ekki eftir námskrá, en kalla eftir henni og að náms- og starfsfræðsla verði gerð að skyldufagi í grunnskólum landsins. Markmiðið með náms- og starfsfræðslu er meðal annars að fá nemendur til að setja sér markmið um nám og störf og taka ákvörðun út frá eigin sannfæringu. Nemendur eiga einnig að fá að upplifa og prófa hlutina og það gera þeir með framhaldsskólakynningum og starfskynningum.

Sjálfstæðisflokkurinn vill vinna að umbótum á þessu sviði hefur í hyggju að fylgja eftir stefnumótunarvinnu faghóps sem stofnað var til af ráðherra flokksins árið 2014 og skilaði af sér árið 2015. Mikilvægast er að bæta aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum á öllum skólastigum og gera hana einstaklingsmiðaðari. Skynsamlegt væri að leggja drög sem allra fyrst að aðgerðaáætlun til næstu fimm ára, og þá í samstarfi við starfshópinn sem nefndur er hér að ofan eða beint við fulltrúa félags náms- og starfsráðgjafa og Menntamálastofnunar.